

Viðbætir við árið 1863.

99. Auglýsing um að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Belgíu, sèu undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.

11. júlí.

Eptir skýrslu utanríkisstjórnarinnar sæta dönsk skip sömu kjörum og innlend skip um alla verzlunartolla og skipagjöld í konungsríkinu Belgíu, með því skilyrði, að þau skip, er þar eiga heima, hafi sama rétt. Fyrir því skulu upp frá þessu skip þau, er eiga heima í greindu konungsríki, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, vera undanþegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er með konungsúrskurði, dagsettum 1. dag aprílmánaðar 1856, sem birtur er með auglýsing frá dómsmálastjórninni, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörist hérmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 11. dag júlímánaðar 1863.